

Vinátta sem skapast í bæn og við lestur Biblíunnar breytir lífi manns. Í slíku vinasamfélagi skapast trúnaður og löngun til að lifa ósviknu andlega lífi. Reynslan af starfi vinahópa Jesú hefur sannfært okkur um gildi lítilla samfélagshópa fyrir framtíð kristinnar trúar á Íslandi.

Vinahópar Jesú byggjast á samfélagi einstaklinga sem snýst um heiðarlegt samtal og samstöðu í bæn.

LífsGæði

Bænalistinn:

www.lifsgaedi.is
greg@lifequalitynetwork.org

Vinahópar Jesú
Lífsgæði

Vinahópar Jesú



Að vera lærisveinn í daglegu lífi

LífsGæði
Jafnvægi á öllum sviðum lífsins

Vinahópar Jesú

Vinátta er kjarninn

Jesús Kristur ávarpaði lærisveina sína sem vini og hvatti þá til þess að líkjast sér og láta gott af sér leiða.

Einfalt skipulag

Í vinahópum Jesú hjálpast fólk við að lifa ósviknu andlegu lífi. Farið er eftir einföldu skiplagi og reynslan hefur sýnt að einlæg og frjáls samskipti myndast helst þegar hóparnir eru litlir. Vinahópar Jesú hittast ýmist vikulega eða hálfsmánaðarlega.



Sveiganleiki og staðfesta eru lykilhugtök. Hópurinn kýs stað og stund. Hver sem er getur stofnað vinahóp Jesú. Allt sem þarf er brennandi löngun til að kynnast Jesú betur og vilja til að halda áfram að taka þátt í hópvinnunni.

“Því að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra” – Jesús (Matt. 18.20).

Fleiri upplýsingar finnast á vefsíðu www.lifsgaedi.is undir “Lífsgæði / Lífræn kirkja”

Að þekkja Jesú

Lærisveinar Jesú voru samferða honum í daglegu lífi til þess að læra af honum, skilja og tileinka sér sjónarhorn hans og hugsunarhátt. Fyrstu lærisveinarnir voru einstaklingar sem höfðu upplifað nærveru Guðs í lífi sínu. Þetta fólk *vissi* ekki bara um Jesú heldur *þekkti* hann af eigin raun

Í dag *vita* flestir um Jesú Krist, en við lærum ekki að *þekkja* hann og þiggja leiðsögn hans nema í gegnum Jesú sjálfan og lærisveina hans. Þegar Jesús kallaði fólk til að fylgja sér leiðbeindi hann því og þjálfaði eins og góður kennari.



Einfalt skipulag

1. Á milli fundanna:
Reglulegur Biblíulestur og hlustun

Hópurinn velur sér nokkra kafla sem hann vill hafa til íhugunar. Á milli fundanna lesa félagarnir hver fyrir sig daglega og hlusta eftir því sem Guð vill segja þeim. Mælt er með 15 til 20 köflum annari hverri viku. (T.d. Matteus 5-7 5 sinnum eða allt Jóhannesarguðspjall einu sinni.) Markmiðið er að fá fólk til að endurlesa mikið magn af ritningunni. *„Á hverjum morgni vekur hann eyra mitt svo að ég hlusti eins og lærisveinn.”* (Jes. 50.4)

2. Á fundunum: Heiðarlegt samtal

Í þriggja manna hópum… Þegar vinahópar Jesú hittast liggja eftirfarandi spurningar til grundvallar.

1. Hefurðu fundið fyrir nærveru Jesú Krists síðan við hittumst síðast og því að vera elskað Guðs barn? Viltu segja frá?
2. Náðirðu að lesa og hlusta eins og til stóð? Hvað heldurðu að Guð sé að kenna þér?
3. Er einhver sundrung í lífi þínu, er eitthvað sem þú þarft að játa?
4. Hvernig ætlar þú að bregðast við þinni betri vitund?
5. Hefur einhver séð Krist í þér nýlega?
6. Fyrir hverjum eigum við að biðja?

Höfum hugfast að spurningunum svarar hver á eigin forsendum. Við segjum frá því sem Guð er að kenna okkur og forðumst allar fræðilegar skýringar. Þannig leiðréttum við ekki hvert annað heldur hlustum, lærum af því sem hinir segja.

3. Á milli fundanna. Fyrirbæn fyrir öðrum

Við viljum biðja fyrir öðru fólki að Guðs góði vilji og vinátta Krists verði að veruleika í lífi þess (Sbr. Jakobsbr. 5.19). Hver í hopnum nefnir einn eða tvo einstaklinga sem honum er á hjarta lagðir. Þessi nöfn skráum við inn á lista og biðjum daglega fyrir a.m.k. einum af þeim við lesturinn.